Dýrasta frímerki í heimi


GÆTIR ÞÚ HUGSAÐ þér að brenna frímerki, sem þú værir nýbúinn að kaupa á uppboði á 45 þúsund dollara? Sjálfsagt ekki, en þetta gerði Arthur Hint samt sem áður og varð ríkur af. Ástæðan var sú, að hann átti annað merki sömu tegundar, og voru þessi tvö eintök þau einu, sem til voru í heiminum, og þegar annað merkið varð eldinum að bráð, steig hitt merkið svo í verði, að í dag er það talið dýrasta frímerki í heimi.

Það var Sigurður H. Þorsteinsson, blaðafulltrúi frímerkjasýningarinnar Íslandia 73, sem sagði okkur þessa sögu, þegar við spurðum hann hvert væri dýrasta frímerki í heimi. Frímerkið er gefið út í Nýju Gíneu um 1850 og var verðgildi þess þá þrjú sent. Upplagið var nokkuð stórt, enda var það gefið út til þess að mæta þörfinni fyrir merki með þessu verðgildi, þar eð þrjú sent var burðargjaldið fyrir allan blaðapóst. Engum þótti neitt til merkisins koma á þessum tíma, og var allt upplagið notað á blaðapóst og merkjunum síðan hent. Síðar komu í leitirnar tvö merki af þessari gerð, og var annað í eigu Englendingsins Arthurs Hint. Hann vissi um tilvist hins merkisins og reyndi allt hvað hann gat til þess að komast yfir það líka. Það tókst honum svo á frímerkjauppboði einu og borgaði hann 45 þúsund dollara fyrir merkið. Eins og áður greindi var það fyrsta verk Hints eftir að hann fékk merkið í sína vörzlu að brenna það, viðstöddum til mikillar skelfingar, sem héldu, að maðurinn væri óður.

En Arthur virðist hafa vitað hvað hann var að gera, því nokkrum árum síðar setti hann hitt merkið á uppboð og seldist það þar á 380 þúsund dollara, sem er hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir frímerki, svo vitað sé.

Það þarf ekki að taka það fram, að kaupandi frímerkisins hefur ekki í hyggju að brenna það.

— gj.



Yfirlitsmynd frá öðrum sýningarsal frímerkjasyningarinnar ISLANDIA 73. Vinstra megin á myndinni sést Sigurður H. Þorsteinsson blaðafulltrúi sýningarinnar, skýra furðuheima frímerkjanna fyrir blaðamanni Tímans.

ISLANDIA 73:

Frímerki tryggð fyrir 100 milljónir

gerðar hafa verið miklar öryggisráðstafanir vegna verðmætanna

FRÍMERKIN, sem sýnd eru á frímerkjasýningunni Islandia 73, eru tryggð fyrir 100 milljónir íslenzkra króna, en það er ekki nema brot af raunverulegu verðmæti þeirra, og reyndar er alls ekki hægt að meta merkin til fjár, því útilokað er að bæta úr þeim skaða, sem yrði, ef sýningargripirnir yrðu eyðileggingu að bráð, sagði Sigurður H. Þorsteinsson, blaðafulltrúi sýningarinnar í viðtali við Tímann.


Á sýningunni verða sýndar allar gerðir íslenzkra frímerkja, sem komið hafa út frá öndverðu og til þessa dags, en þær eru um 540. Einnig verður þar að finna sýnishorn fornfrímerkjabréfa, en svo eru þau bréf nefnd, sem send voru hér á landi fyrir daga frímerkisins. Þá gefur að líta merki frá öðrum löndum, til að mynda Danmörku. Í stuttu máli má segja, að á ISLANDIA 73 verði um að ræða merkustu sýningu á íslenzkum frímerkjum til þessa dags, og engar líkur eru á, að önnur slík sýning verði haldin í náinni framtíð.

Miklar öryggisráðstafanir verða og hafa verið gerðar vegna þeirra gífurlegu verðmæta, sem á sýningunni eru. Lögreglumenn verða á vakt á sýningarstaðnum dag og nótt meðan sýningin stendur yfir, og ekki nóg með það, því einnig verður komið á beinu talsambandi milli sýningarsvæðisins á Kjarvalsstöðum og lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu.


Þótt þeir, sem að sýningunni standa, treysti lögreglunni vel í störfum sínum, þykir þó tryggara að taka tæknina í þjónustu sína, varðandi öryggi dýrustu sýningargripanna.

Sérstöku aðvörunarkerfi hefur verið komið fyrir á tólf fyrstu sýningarrömmunum, en í þeim eru verðmætustu frímerkin, skildingabréf, sem öll eru metin á yfir eina milljón króna, og arkir skildingamerkja, sem eru að verðmæti margar milljónir króna. Ef einhver gerist svo djarfur að gerast of nærgöngull við umrædd merki, fer aðvörunarkerfið af stað með væli og lát-

Framhald á bls. 15.



Frímerki geta verið verðmikil, þótt þau séu ekki nema hálf. Hálfa merkið á myndinni er skráð á 20 aura en það varð skærum að bráð á Hofsósi eitt sinn að vetrarlagi, er í ljós kom, að pósthúsið á staðnum átti engin 10 aura merki. Var merkishelmingurinn seldur fyrir 10 aura og látinn gilda sem burðargjald. Hinn helmingurinn var einnig seldur á sama verði. Þessi aðferð að skipta merkjum, ef verðgildi þeirra reynist of hátt, hefur verið notuð nokkuð erlendis, en hér á landi eru aðeins örfá dæmi um slíkt, og því telst þessi merkishelmingur meðal dýrari safngripa hérlendis. — Tímamynd Róbert



Það er yfirstimplunin 237, sem gerir þetta merki verðmætt. Þessi yfirstimplun var notuð á Seyðisfirði um skeið, og aðeins örfá merki með henni hafa varðveitzt.